FUNDARGERÐ

9. Stjórnarfundur 17. ágúst 2026

Með þessu bréfi er boðað til 8. stjórnarfundar BÍS árið 2026.
Fundurinn verður haldinn í Skátamiðstöðinni mánudaginn 15. júní 2026 19:30-21:30.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, framkvæmdastjóri BÍS og fulltrúi ungmenna

Dagsetning: 17.08.2026

Mætt/ir: Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Þórhallur Helgason, Jakob Burgel, Reynir Tómas Reynisson, Sædís Ósk Helgadóttir og Björk Norðdahl.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari: Sædís Ósk Helgadóttir

Fundur settur: 19:07

- Farið yfir stöðu verkefna stjórnarfólks/fastaráða
  - Skátaskólinn fer af stað með nýtt Gilwell námskeið í haust
  - Stefnt á að halda fyrsta fund með Útilífsráði
  - Hringferðin fer sterkt að stað. Búið að halda fund með Ísafirði og halda heimsóknardag á Landsmóti. Áhugasöm bæjarfélög eru Stykkishólmur, Dalvík, Eyjafjarðarsveit og Húsavík. Vorum með dagskrá á Landsmóti UMFÍ sem Fossbúar héldu utan um. Ósk um reglulegt nýliðanámskeið
  - Fundur framundan um vatnsveituna á Úlfljótsvatni
  - Stefnt á að mæta á fyrsta fund alþjóðaráðs en útkall er komið fyrir Ung i Norden 2026
  - Ungmennaráð strax byrjað að skipuleggja Ungmennaþing og eru með stórar hugmyndir fyrir haustið, héldu utan um skátavagninn í Gleðigöngunni
  - Skátaskólinn er búinn að hittast tvisvar og leiðbeinandasveitin er byrjuð að skipuleggja námskeið haustsins.
- Heimahöfn, samtal þjóðar
  - Laddi og Harpa fóru á hádegisfund með Höllu forseta þar sem rætt var samstarf á viðburði með forsetaembættinu 9.-11. október 2026.
  - Beiðni frá forsetaembættinu að skátarnir aðstoði með fræðslu og þjálfun leiðbeinenda á samtalsvettvangi þjóðar. Getum skoðað fyrri námskeið eins og Ungir talsmenn og Youth Advocates. Hvetjum alla skáta sem eru undir 30 ára til að fara í gegnum fræðsluna, mögulega verður hægt að fá menntaskóla einingu fyrir námskeiðið. Erum komin með flottan hóp af skátum í undirbúningshóp og einnig í forritunarhóp til að vinna í samantektinni. Ragnar Auðunn er tilnefndur sem tengiliður við þetta verkefni frá skrifstofu.
  - Stjórn sammála um að halda áfram með þetta verkefni.
- Samráðsfundur ráða
  - Tilvalið að hafa Heimahöfn sem þema samráðsfundsins og virkja ráðin í að aðstoða við þetta verkefni.
  - Stungið upp á 14. september kl. 17:30-21:00 með kvöldmat í boði fyrir ráðin. Skátamiðstöðin tekur frá salinn og sendir út fundarboð á ráðin.
- Kveikja
  - Þriðjudagurinn 25. og miðvikudagurinn 26. ágúst.
  - Stefnt á að vera með rafræna Kveikju.
  - Ákveðið að viðburðurinn kosti 2.900 kr. og BÍS tekur á sig restina.
  - Jakob, Reynir, Laddi, Björk og Harpa koma á viðburðinn frá stjórn BÍS.
- Landsmót skáta 2029
  - Stórt Norðurlandamót með 4.000 skátum.

    - Byrjum á að stofna vinnuhóp í kringum umgjörðina og upphaf skipulagsins.
    - Heyrum í síðustu Landsmóts mótstjórn í október og fáum þeirra input.
- Úlfljótsvatn
    - 20 glamping tjöld komin á Úlfljótsvatn styrkt af velunnurum Úlfljótsvatns og gömlum skátum.
- Önnur mál,
    - Uppfæra heiðursmerkjalistann með þeim sem fengu heiðursmerki á Landsmóti.
    - Skátaklútur fyrir BÍS sjálfboðaliða, vinnuhópa eða ráð. Fá Andreu og Halldóru og mögulega Ritu til að hanna BÍS klút líkt og ÚSÚ og WOSM sjálfboðaliðaklútarnir eru.
    - Landsmót 2026 – Skjólið fær risastórt hrós varðandi sína vinnu á Landsmóti, viljum festa þessa vinnu í fastan sess til framtíðar viðburði, Sædís boðar þau sem sáu um Skjólið á fund og biður þau um að stinga upp á tímasetningu 15. september.
    - Eftirmálar fréttamálsins er að heyra aftur í WOSM Europe og uppfæra um stöðu mála.
    - Undirbúa útkall fyrir Rekka-og Róverskátamót 2027.
    - Kynningarstjóri Jamboree 2031, Fríður Finna, óskar eftir því að Ísland sé eitt af þeim löndum sem þau geta auglýst sem möguleika fyrir pre-og post ferðir eftir Jamboree 2031, þurfum að kynna þetta fyrir Úlfljótsvatni og fá þau með í þetta verkefni.
- Næstu fundur er vinnufundur í Vífilsbúð 24. ágúst.